

391. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 8. maí 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:30.

Mætt:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru BHH
Michael Gluszek
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Fyrsti varaforseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn, endurskoðendur og gesti velkomna, Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024. Seinni umræða.

Endurskoðendur Snæfellsbæjar mættu á fundinn undir þessum lið og fylgdu ársreikningi 2024 úr hlaði ásamt því að fara yfir samanburð á ársreikningum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Forstöðumenn stofnana mættu jafnframt á fundinn undir þessum lið.

Ársreikningur er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfseminni er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem er í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru Félagsheimilin Klif og Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jadar.

Fóru endurskoðendur yfir helstu tölur í ársreikningi 2024.

Góð afkoma Snæfellsbæjar 2024

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfseminni er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagsheimilið Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jadar.

Rekstur Snæfellsbæjar kom mun betur út en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir og var rekstur samstæðunnar jákvæður um 436,9 m.kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á um 167 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 239 m.kr.

Snæfellsbær fjárfesti á árinu 2024 fyrir um 598 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 173 m.kr.

Heilt yfir voru útgjöld nánast á pari við fjárhagsáætlun, ef frá er talinn launapátturinn, en töluverðar launahækkningar komu inn á árinu 2024 sem ekki var gert ráð fyrir að fullu í fjárhagsáætlun. Það er hins vegar efirtektarvert að forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar eru að skila almennum rekstri sinna stofnana enn eitt árið undir áætlun. Þetta er mjög ánægjulegt og eiga forstöðumenn hrós skilið fyrir hversu vel þeir reka sínar stofnanir og hversu vel þeir eru að fylgjast með fjárhag sinna eininga.

Rekstur stofnana var því með miklum ágætum, þó launakostnaður hafi farið fram úr áætlunum.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "137", "su", "fs", "mm", and "fcb".

Lífeyrisskuldbindingar fóru jafnframt fram úr áætlunum, en skuldbindingar lífeyrisþega hækka jafnhliða launahækkunum starfsmanna á opinberum launamarkaði.

Helstu lykiltölur ársreiknings eru talðar hér:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.010 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.623 m.kr. Rekstrartekjur A- hluta námu um 3.185,6 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.872,7 m.kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 436,9 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 167 m.kr. Rekstrarafkoman varð því töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir, eða sem nemur 269,9 m.kr.. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 239 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir afkomu upp á 105 m.kr.. Afkoma A-hluta varð því betri sem nemur 134 m.kr..

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 2.107 m.kr. en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 152 stöðugildum í árslok.

Veltufé frá rekstri var 414 m.kr. og veltufjárhlutfall er 0,74 hjá A-hluta. Veltufé frá rekstri í samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var 684 m.kr. í árslok 2024 og veltufjárhlutfall samstæðunnar er 1,35.

Handbært frá rekstri var 383 m.kr. hjá A-hluta og 646,7 m.kr. hjá samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta. Þessi tala gefur vísbendingar um hæfni Snæfellsbæjar til að greiða skuldir og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum á árinu.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 6.163 m.kr. og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 7.914 m.kr. í árslok 2024.

Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 1.976 m.kr. og í samanteknum ársreikningi um 2.107 m.kr., og lækkuðu milli ára um 68 m.kr.

Snæfellsbær hefur verið að greiða niður lán og minnka skuldir undanfarin ár, og á árinu 2024 voru engin ný lán tekin, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar. Verðbólga fór lakkandi á árinu og lækkuðu því skuldir Snæfellsbæjar að nafnvirði á árinu 2024. Skuldir Snæfellsbæjar við lánastofnanir lækkuðu milli ára, eða um 68 m.kr. hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta.

Skuldahlutfall Snæfellsbæjar er lágt, eða 62,04% hjá A-hluta og 52,54% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta. Ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 43,11% fyrir A-hluta og 33,10% fyrir samstæðuna. Snæfellsbær hefur því töluvert svigrúm til lántöku ef kemur til einhverra stærri tekjufalla í framtíðinni. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Eigið fé bæjarsjóðs nam um 4.186,7 m.kr. og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 5.807,4 m.kr. í árslok 2024. Eiginfjárhlutfall er 67,93% á á árinu 2024 hjá A-hluta en var 65,70% árið áður. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta er 73,38% í lok árs 2024 en var 70,79% árið áður. Almennt er talið að 50% eiginfjárhlutfall hjá sveitarfélagi sé ásætlanlegt.

Fjárfestingar á árinu 2024

Eins og áður segir, þá fjárfesti Snæfellsbær á árinu 2024 fyrir um 598 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 173 m.kr. Stærstu einstöku fjárfestingarnar á árinu 2024 voru viðhaldsframkvæmdir, líkt og á árinu 2023. Skipt var um þak á íþróttahúsinu í Ólafsvík og á Félagsheimilinu Klifi. Byrjað var á framkvæmdum við viðbyggingu leikskólahúsnaðisins í Ólafsvík og á nýju anddyri við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar, en þeim framkvæmdum lauk í byrjun árs 2025. Jafnframt var farið í mikið

af nauðsynlegum viðhaldsframkvæmdum við nánast allar stofnanir bæjarfélagsins, og munu þær framkvæmdir halda áfram á árinu 2025.

Eins og fram kemur hér að ofan, voru fjárfestingar og framkvæmdir ársins 2024 mjög miklar hjá sveitarfélaginu, en þrátt fyrir það hefur tekist að lækka skuldir og halda rekstri sveitarfélagsins á pari við fjárhagsáætlun, jafnframt því að þurfa ekki að taka nein ný lán á árinu. Afkoma ársins 2024 var mjög jákvæð og verður því fjárhagsstaða Snæfellsbæjar að teljast afar góð.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða ársreikning Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024 og voru reikningarnir undirritaðir.


Var nú endurskoðendum og forstöðumönnum þökkuð koman og véku þau af fundi.

- 2) **Fundargerð 28. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 6. maí 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð 70. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 25. apríl 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Fundargerðir 973., 974., 975., 976., 977. og 978. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. mars, 19. mars, 20. mars, 4. apríl, 11. apríl og 30. apríl 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Fundargerðir 470. og 471. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. feb. og 28. mars 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Fundargerðir 85., 86., 87. og 88. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 19. mars, 28. mars, 1. apríl og 15. apríl 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Fundargerð 80. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 12. mars 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 8) **Aðalfundarboð Nýsköpunarnets Vesturlands, dags. 6. maí 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Bréf frá verkefnastjóra Umhverfissvottunar Snæfellsness, dags. 7. mars 2025, varðandi ábyrgðaraðila Snæfellsbæjar vegna aðgerðaráætlunar um sjálfbærnistefnu Snæfellsness og næstu skref sveitarfélagsins.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að tilnefna Smára Jónas Lúðvíksson sem ábyrgðaraðila Snæfellsbæjar vegna aðgerðaráætlunar Snæfellsbæjar um sjálfbærnistefnu Snæfellsness. Jafnframt samþykkti bæjarstjórn að fá Smára inn á næsta fund bæjarstjórnar með tillögur að næstu skrefum.
- 10) **Bréf frá Félagsmiðstöðinni Afdrep, varðandi ósk um styrk vegna Ævintýranámskeiðs 2025.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 200.000.-
- 11) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 16. apríl 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Matarlistans ehf., um veitingaleyfi í flokki II, veitingahús, að Grundarbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Matarlistans ehf., um veitingaleyfi í flokki II, veitingahús, að Grundarbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.

- 12) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 23. apríl 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Sker Restaurant ehf., um gistileyfi í flokki II, stærra gistiheimili, að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.**
Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Sker Restaurant ehf., um gistileyfi í flokki II, stærra gistiheimili, að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 13) **Bréf frá Hildigunni Haraldsdóttur, dags. 5. maí 2025, varðandi skráningu landamerkja jarðanna Bjarnarfosskots og Kálfárvalla í Staðarsveit.**
Eiríkur vék af fundi undir þessum lið.
Bæjarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leiti.
Eiríkur kom nú aftur inn á fund.
- 14) **Forvarnarstefna Snæfellsness 2025-2026 – í málefnum barna til 25 ára aldurs.**
Bæjarstjórn samþykkir forvarnarstefnu Snæfellsness samhljóða.
- 15) **Íþrótt- og tómstundastefna Snæfellsbæjar 2025-2027.**
Bæjarstjórn samþykkir íþrótt- og tómstundastefnu Snæfellsbæjar samhljóða.
- 16) **Bréf frá Skógfræðingafélagi Íslands, dags. 23. apríl 2025, varðandi ályktun aðalfundar félagsins.**
Lagt fram til kynningar.
- 17) **Þakkarbréf frá Héraðsþingi HSH, dags. 16. apríl 2025.**
Lagt fram til kynningar.
- 18) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
b) Bæjarstjóri fór yfir tölur vegna tjaldsvæðanna í apríl.
c) Bæjarstjóri fór yfir tölur vegna salernisgáms á Arnarstapa.
d) Bæjarstjóri sagði frá fundi vegna frumvarpsdraga um lög um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraðra, sem haldinn verður á morgun.
e) Bæjarstjóri ræddi holræsamál.
f) Bæjarstjóri ræddi framkvæmdir í Vallholti.
g) Bæjarstjóri sagði frá ósk sem hann fékk um staðsetningu vegna útilistaverks.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:08


Michael Gluszuk


Jónína Björg Óttarsdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Fríða Sveinsdóttir


69
17




Jón Bjarki Jónatansson



Eiríkur Böðvar Rúnarsson



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

